

Starfsárið 2022 – 2023

Skýrsla stjórnar

Síðasta starfsár Heyrnarhjálpar hefur verið fjölbreytt. Mér telst svo til að félagið hafi flutt fjórum sinnum á liðnum 14 mánuðum og slíkt tekur eðli málsins samkvæmt tíma og orku. Við fluttum í maí fyrir ári hingað á eftir hæðina í Sigtúni og voru hér með skrifstofu til okt/nóv. Þá fluttist starfsemi félagsins á heimili formanns og var þar til febrúar, er við fengum núverandi aðstöðu sem við erum mjög ánægð með. Hér erum við ásamt fleiri félögum í 3ja geiranum og sú dynamík skiptir máli.

Stjórnin hefur fundað reglulega síðasta starfsárið.

Við létum ekki tíða flutninga aftra okkur frá því að knýja á um skilning og stuðning í málefnum heyrnarskertra hjá framkvæmdavaldinu.

Við áttum fundi með Félags og vinnumarkaðsráðherra, fund með Heilbrigðisráðherra og fund með Menningamálaráðherra og var okkur var mætt með velvild. Það kom hinsvegar fyrir í einu ráðneytinu að reiknað var með að við værum táknmálstalandi, sem segir heilmikila sögu og þá þörf sem er á kynningu á heyrnarskerðingu.

Þeir boltar sem fóru á loft í tengslum við þessa fundi eru enn svífandi og í úrvinslu, en ætlun félagsins er að setja upp málþing á hausti komandi um Aðgengi að heyrn, vitundarvakningu um heyrnarskerðingu.

Formaður og varaformaður sóttu aðalfund NHS í Helsingi s.l haust og var sá fundur afskaplega góður, gott að hitta aðra sem eru að glíma við það sama og við.

Fræðslan góð og gagnleg og vináttubönd knýtt.

Ákveðið var að hafa CI þema og fræðslu í Stokkhólmi á formannafundi í apríl.

Formaður og varaformaður sóttu þann fund. Það var ákveðin upplifun að koma á aðalskrifstofur félags heyrnarskertra í Svíþjóð hvað hljóðvist varðaði. Hugsað hafði verið fyrir öllu og upplifun var einstök.

Heyrnarfræðingar fluttu áhugaverð erindi um kuðungsígræðslur og í kjölfarið spunnust umræður um stöðu þeirra mála í hverju landi fyrir sig. Nokkuð ljóst er að framundar eru bæði framfarir og fjölgun á CI þegum á næstu árum og áratugum.

Við byrjuðum með rittúlkað stólajóga s.l haust sem tókst að mörgu leiti vel til og við lærðum margt af. Höfum verið að leita að sal til að setja það upp aftur, því það er ágætt að vera í Sigtúninu en þar er ekki hægt að bóka sali til lengri tíma en 4 vikur í senn og slík gengur ekki þegar námskeið standa yfir í eina önn.

Almennt hefur starfið gengið vel, hægt og bítandi fjölgar þeim sem ganga í félagið.

Skrifstofa félagsins er opin öllum félagsmönnum á mánudögum frá 13:00-15:00 og eins er síminn og netið mikið notað, sér í lagi hefur orði mikil aukning á umferð á facebook síðu félagsins.

Heyrnarhjálp tekur virkan þátt í starfsemi ÖBÍ og þeir Stefán Benediktsson og Ingólfur Már Magnússon eru í hvor sinni nefnd ÖBÍ, húsnaðisnefnd og aðgengisnefnd. Auk þess er Ingólfur fulltrú ÖBÍ í aðgengisnefnd Reykjavíkurborgar.

Það verða því næg verkefni fyrir nýkjörna stjórn að marka stefnu félagsins og halda áfram með gömul og ný verkefni.